

Alþingi
Erindi nr. P 131/58
komudagur 12.11.2004



Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóv. 2004

Efni: Frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 4. mál, frestun á sölu

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) hafa yfirfarið þetta frumvarp og vilja hér með koma umsögn sinni um það til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingi.

Reifun máls

Í frumvarpinu er lagst gegn sölu Landssíma Íslands hf. a.m.k. til ársloka 2008 og að fyrirtækið noti þennan tíma til að byggja upp fjarskipta- og gagnaflutningakerfi landsins þannig að það nái til allra landsmanna, óháð búsetu. Jafnframt að heimilt sé að lækka eða fella niður arðsgreiðslur í ríkissjóð á móti fjárfestingu í þessu skyni umræddan tíma.

Lokaorð

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið. Samtökin lýsa sig andvíga þessu frumvarpi enda hafa þau ætíð mælt fyrir því að ríkið sé ekki í atvinnurekstri í samkeppni við fyrirtæki á hinum frjálsa markaði. Þó að mest hafi e.t.v. borið á gagnrýni samtakanna á verslunarrekstur ríkisins hvað þetta varðar þá eiga sömu rök við um annan samkeppnisrekstur svo sem fjarskipti. Það er ólíðandi að samkeppnisstaða fyrirtækja á þessu sviði atvinnulífsins sé skekkt með tilveru ríkisfyrirtækis sem ætíð hlýtur að njóta eignarhaldsins. SVÞ hvetja því til sölu Landssíma Íslands hf.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri